

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Hafnarfirði.

*Breyting á deiliskipulagi Setbergs, (íbúðarsvæði 1983-2000).*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 16. maí 2006 breytingu á deiliskipulagi Setbergs í Hafnarfirði. Í breytingunni felst að heimilt verður að reisa 20 ný einbýlishús í stað 18 einbýlishúsa og parhúss en heildarfjöldi íbúða verður óbreyttur frá fyrri áætlun. Gert er ráð fyrir einni nýrri lóð við Háaberg en aðrar lóðir eru við Hólsberg. Farið var með breytinguna skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Breyting á deiliskipulagi Einarsreits í Hafnarfirði, vegna Fálkahrauns 4 og 6.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 3. janúar 2007 breytingu á deiliskipulagi Einarsreits í Hafnarfirði, vegna Fálkahrauns 4 og 6. Breytingin felst í stækkun byggingarreits ris-hæðar til vesturs um 4,0 metra og heimild til að byggja svalir sem eru ofan á viðbyggingu hússins. Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 5. febrúar 2007,*

**Anna Sofía Kristjánsdóttir** arkitekt.

---

B-deild – Útgáfud.: 19. febrúar 2007